



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

633. stjórnarfundur þriðjudaginn 21. janúar 2025 kl. 17:00.

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Jónína Steinunn Helgadóttir, Eva Björk Sveinsdóttir, Garðar Örn Arnarson, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Stefán Guðjónsson og Birgir Már Bragason, framkvæmdastjóri.

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

Innkomin bréf

Bréf frá BUR knattspyrna.

Send bréf

Fundarboð vegna aðalfunda deilda.

Aðalfundir deilda 2025

Aðalfundur badmintondeildar var haldin sl. miðvikudag. Kosin var sama stjórn og var Kristján Þór Karsson endurkjörinn formaður. Deildin er ekki stór í sniðum og skilaði hún rekstrinum réttu megin við núllið. Þrír aðalfundir verða í þessari viku og hvetur framkvæmdastjóri stjórnarfolk til að mæta á þessa fundi.

Taekwondo miðvikudaginn 22. janúar kl. 18:00

Sunddeildin miðvikudaginn 22. janúar kl. 20:00.

Skotdeildin fimmtudaginn 23. janúar kl. 20:00.

Blakdeildin mánudaginn 27. janúar kl. 18:00.

Fimleikadeildin mánudaginn 27. janúar kl. 20:00.

Rafíþróttadeildin miðvikudaginn 29. janúar kl. 18:00.

Knattspyrnudeildin miðvikudaginn 29. janúar kl. 20:00.

Körfuknattleiksdeildin fimmtudaginn 30. janúar kl. 20:00.

Aðalfundur Keflavíkur

Aðalfundur Keflavíkur verður þriðjudaginn 18. feb. nk. Það þarf að fara yfir hverjir hljóta viðurkenningar. Framkvæmdastjóra falið að senda á stjórnir deilda varðandi starfsbikarinn og fá tilnefningar. Framkvæmdastjóra einnig falið að skipuleggja fundinn.

Viðurkenningar félagsins

Búið var að stofna nefnd sem átti að koma með tillögur fyrir aðalstjórn varðandi útdeilingar á viðurkenningum félagsins. Í nefndinni sitja Björg Hafsteinsdóttir, formaður Keflavíkur, Eva Björk Sveinsdóttir og Garðar Örn Arnarson aðalstjórn, ásamt Birgi Má Bragasyni framkvæmdastjóra félagsins. Birgir kynnti niðurstöðum nefndarinnar. Umræða um minnisvarða með nöfnum þeirra sem hafa fengið gull heiðursmerki Keflavíkur.

Þorablót Keflavíkur

Þorablót Keflavíkur tókst mjög vel. Rúmlega 800 gestir skemmtu sér konunglega. Aðalstjórn félagsins vill færa öllum þeim sem komu að blótinu miklar þakkir fyrir.

Búnaðargeymslur BUR-knattspyrna

Barna- og unglingaráð ásamt knattspyrnudeild Keflavíkur óskar eftir aðstoð aðalstjórnar um kaup á geymslu fyrir allan búnað deildarinnar eins og t.d. bolta, vesti og keilur. Barna- og unglingaráð hefur verið að setja dágóðan pening í ýmis kaup á búnaði sem deildina þarf. Eins og aðstaðan er í dag þá er mikið að hverfa og tjón deildarinnar orðið verulegt. Barna- og unglingaráð kom með þá hugmynd að kaupa geymslubúr. Aðalstjórn ákvað að styrkja deildina um kaup á geymslubúri.

Framtíðar íþróttamannvirki og forgangsröðun

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu á verkefninu. Það styttest í að hönnunarvinnan klárast. Ef af þessu verður þá verður þetta eitt glæsilegasta íþróttamannvirki bæjarins. Eftir er að taka ákvörðun hvernig framkvæmdinni verður skipt upp í áfanga. Bæði knattspyrnudeildin og fimleikadeildin eru í aðstöðuvandræðum. Aðalstjórn óskar eftir að fá kynningu með nefndinni og arkitek af mannvirkinu. Framkvæmdarstjóra falið að finna dagsetningu fyrir kynninguna.

Aðstaða fyrir hópfimleika

Fimleikadeild Keflavíkur hefur vantað aðstöðu fyrir dansgólf í áhaldafimleikum. Deildin hefur fengið aðstöðu í Keili á Ásbrú. Fimleikadeildin fær aðstöðuna um mánaðamótin janúar/febrúar nk. Þessi aðstaða mun leysa mikinn vanda sem fimleikadeildin hefur verið að glíma við og þökkum við Reykjanesbæ vel fyrir aðstöðina.

Starfsmannamál

Umræða um starfslýsingar starfsfólks og sumarfrí. Það þarf að endurskoða starfslýsingar nú þegar það eru komin 3 stöðugildi inn. Ákveðið var að formaður og gjaldkeri ræði við starfsfólk og biðji um að hver fyrir sig listi upp hvað felst í þeirra starfi í dag. Út frá því verða gerðar nýjar starfslýsingar. Einnig ætla formaður og gjaldkeri að ræða við starfsfólk

um sumarfrí og stöðu hvers og eins hvað það varðar. Ákveða þarf í sameiningu tímasetningar á sumarfríum í sumar.

Önnur mál

A. Myndataka stjórnar. Framkvæmdastjóri ætlar að athuga með þriðjudaginn 4. febrúar kl. 17:00.

Fundi lokið kl. 18:50.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 4. febrúar 2025.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.